

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Eskja hf. Eskifirði Eskifjörður



<b>Dags eftirlits</b>	5.11.2015	<b>Fulltrúi UST</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Eskja hf. Eskifirði	<b>Fulltrúi UST</b>	Helga Hreinsdóttir
<b>Heimili</b>	Strandgötu 2/Marbakka	<b>Tegund eftirlits</b>	Fyrirvaralaust
<b>Kennitala</b>	6301694299	<b>Flokkur</b>	Fiskimjölsverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Haukur Líndal	<b>ÍSAT nr.</b>	15.20.7
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	734232,988 517289,471

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Starfsmaður Heilbrigðiseftirlits Austurlands átti leið um Eskifjörð og varð var við mengun sjávar í frárennsli fiskimjölsverksmiðjunnar. Starfsmaðurinn fór af þeim sökum í fyrirvaralaust eftirlit í verksmiðjuna í umboði Umhverfisstofnunar. Í eftirlitinu var staðfest tvö frávik frá starfsleyfi og auk þess tvær athugasemdir gerðar við starfsemina.

## UMFANG EFTIRLITS

Skýrsla þessi byggir á minnisblaði Helgu Hreinsdóttur hjá HAUST um fyrirvaralaust eftirlit sem hún fór í þann 3. og 4. nóvember sl. í fiskimjölsverksmiðjuna fyrir hönd Umhverfisstofnunar.

Upp úr hádegi þann 3.11. átti starfsmaður HAUST erindi til Eskifjarðar. Þegar ekið var yfir Hólmahálsinn sást strax brák á sjónum og nokkur röst innarlega í firðinum. Þegar komið var upp fyrir þéttbýlið á móts við vatnstankinn sást brákin mjög greinilega.

Farið var niður að fjörunni og út fyrir Mjóeyri. Í fjörunni innan við Mjóeyrina voru litlir flekkir á floti í fjöruborðinu og var nokkrum þeirra safnað í sýnatökuglas. Upp úr glasinu var greinileg lykt eins og af grúti.

Haft var samband við hafnarvörð, sem upplýsti að hann hefði tekið eftir miklum grút í smábátahöfninni í hádeginu og einnig að hann hefði séð grútinn strax um morguninn. Einnig upplýsti hafnarvörður að Huginn hefði landað kvöldið áður og að bræðslu hefði líklega lokið í fiskimjölsverksmiðju Eskju snemma um morguninn.

Ekki náðist að ná góðu tali af Hauki Líndal fyrr en eftir kl. 16:00. Þá var aftur ekið til Eskifjarðar yfir Hólmahálsinn og þá var fituröndin komin nær Hólmanesinu og út fyrir Mjóeyri. Haukur kannaðist ekki við að bilanir eða óhöpp hefðu orðið, brást brást vel við beiðni um að skoða umhverfið og sjóinn.

Neðan við fiskimjölsverksmiðjuna og þar sem fráveiturör frá bræðslunni opnast var ekki grútur. Hins vegar var blámi á sjónum eins og oft kemur af þvottavatni, en þetta er ekki eitthvað sem auðvelt er að ráða við. Fugl sækir ekki í þetta og af hálfu HAUST hefur ekki þótt ástæða til að gera athugasemdir við.

Í smábátahöfninni var mikil hvít sliksja yfir sjónum. Við snertingu varð ljóst að um var að ræða fitu.

Úti við Mjóeyrina var lítilsháttar af fituflekkjum á sveimi, en alls ekki mikið.

Þegar ljóst þótti að um e.k. fitu væri að ræða fórum við í fiskimjölsverksmiðjuna og skoðuðum hreinsivirki fráveituvatns.

Gamla fitugildran tekur við öllu fráveituvatni, en úr henni er dælt uppá redox skilju, sem gengur á meðan verksmiðjan er í gangi. Þegar bræðslu er hætt er redox skiljan skuluð og eftir það fer fráveituvatn eingöngu um gömlu gildruna. Sú breyting hefur þó orðið að fráveituvatni er dælt úr seinasta hólfi gildrunnar um rör sem liggur í yfirborði vökvans, en meðan skiljan var eina hreinsivirkið fór fráveituvatn úr seinasta hólfinu, en þá undir þilvegg sem hélt eftir fitu sem gat flotið á yfirborði vökvans.

Redox skiljan var við skoðun hrein og þokkaleg. Í fyrsta hólfi gömlu gildrunnar sást nokkur fita á yfirborði, en ekki mjög þykkt lag. Í seinasta hólfinu var hins vegar hvít þykk froða ofan á vökvafasanum. Þykkt froðunnar var á að giska um 10 cm. Þegar vatn var látið renna í gildruna rann froðan með vatni um útfallsrör, en á þeim tíma sem skoðað var var ekki unnt að sjá froðuna koma út um frárennsli og út í sjó eða merkja litarbreytingu.

Að mati Hauks var þarna eitthvað óvenjulegt á ferli og því var þetta skoðað ítarlega.

Froðan var sápukennd við snertingu og til að ganga úr skugga um fitumagn í henni var sýni af

froðunni hitað á rannsóknastofu verksmiðjunnar og síðan sett í skilvindu.

Í lok dagsins þótti ljóst að litur að litur á sjónum væri frá fiskimjölsverksmiðjunni, þ.e. þvottavatn litaði sjóinn, en einnig þótti ekki ólíklegt að a.m.k. hluti af fitunni ætti uppruna í seinasta hólfí fitugildrunnar og ætlaði Haukur að kanna málið innandyra og láta HAUST vita niðurstöðuna.

Þann 4.11. átti undirrituð aftur leið um Eskifjörð. Enn var allmikli fitubrák, en mun minna en daginn áður og ekki var unnt að merkja fitu á Firðinum sjálfum.

Seinnipart dags þann 4.11 bárust upplýsingar frá rekstraraðila um að starfsmaður hafði umrædda nótt, opnað rangan krana sem gerði það að verkum að blóðvatn rann beint frá verksmiðjunni í sjóinn. Atvikið komst ekki strax upp þar sem að vinnuljós við blóðvatnstankana hefur verið fjarlæggt tímabundið vegna framkvæmda. Skv upplýsingum rekstraraðila hafa verkferlar verið yfirfarnir og unnið er að uppsetningu á lýsingu við blóðvatnstanka.

Fimmtudaginn 5.11 áttu eftirlitsaðilar Umhverfisstofnunar leið um Austurland og komu því við og skoðuðu verksummerki ásamt starfsmanni HAUST. Enn var sjáanleg hvít fituslikja við höfnina en þó í mun minna mæli en daginn áður. Verksmiðjan var mannlaus þegar komið var á staðinn.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Grein 2.16	Hreinsun í fitugildru er ekki fullnægjandi þar sem að útfallsrör liggur í yfirborði án þess að þil haldi fitu sem safnast á yfirborðinu frá útfallinu.

Grein 2.16	Blóðvatn rann óhindrað til sjávar sem hafði í för með sér grútarmengun í firðinum. Upp kom að um mistök var að ræða þar sem að rangur loki var opnaður en brugðist var við því um leið og það komst upp. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila hafa verkferlar verið endurskoðaðir og vinnuaðstæður bætt til að koma í veg fyrir að atvik sem þetta endurtaki sig.
------------	---

#### ATHUGASEMDIR

Þegar starfsmenn UST og HAUST áttu leið um verksmiðjuna þann 5.11 var hún mannlaus en byggingar stóðu opnar. Gerð er athugasemd við að byggingar og mengunarvarnarbúnaður sé í ólæstu húsnæði og almenningur geti gengið frjáls um verksmiðjuna án eftirlits.

Hreinsivökvi skal endurnýttur eins oft og hægt er. Þegar honum er veitt til sjávar, skal sýrustigið (pH) vera innan þeirra marka sem fráveitan er gerð fyrir. Í eftirlitinu kom fram að grunur leikur á að hreinsivökvi mengi sjóin við útfall fráveitu og óskar Umhverfisstofnun í því samhengi eftir mælingum á sýrustigi pH við næstu aftöppun á hreinsivökva til sjávar.

Reykjavík, 22.12.2015

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar umhverfisverndar og öruggis en sem ekki æta talist frávik

  
Halla Einarsdóttir